

Fundur í Betadeild 8. nóvember 2007 haldinn í Menntaskólanum á Akureyri

Dagskrá;

1. Setning fundar.
2. Orð til umhugsunar.
3. Fundargerðir síðustu funda lesnar.
4. Önnur mál.
5. Kynning á þróunarstarfi í framhaldsskóla.
Margrét Kristín Jónsdóttir Beta-systir og þýskukennari í MA mun kynna okkur Ferðamálakjörsvið á málabraut í MA.
6. Happdrætti, kaffi og notalegt spjall.

1. María setti fund og bar kveðjur frá fjarstöddum félagskonum, sem nú voru óvenju margar. María bauð tvo gesti velkomna á fundinn, þær Gunnlaugu Friðriksdóttur og Jónínu Hauksdóttur.
2. María færði liðinn Orð til umhugsunar aftur fyrir lestur fundargerða. Nú voru lesnar fundargerðir tveggja funda og frásögn af 30 ára afmælisdegi Betadeildar í vor. Fundargerðir voru samþykktar.
3. Orð til umhugsunar. María kynnti nýja tilhögun á þessum dagskrárlið, eða svokallaðan kliðfund. Konum var skipt í hópa og þær beðnar að hugleiða og ræða spurninguna: Hvernig getum við styrkt tengsl okkar við aðrar deildir DKG á Íslandi? Þetta var rætt í nokkrar mínútur og niðurstöður kynntar. Ýmsar hugmyndir komu fram sem stjórn mun taka til nánari skoðunar.

4. Önnur mál. Nokkur mál höfðu bæst við boðaða dagskrá.
María sagði fréttir frá framkvæmdaráðsfundi í haust. Nefnt var að á Evrópuþingi í sumar hefðu landsamtök verið hvött til að huga að nýjum kennurum og stuðningi við þá samkvæmt stefnu alþjóðasamtaka DKG og landsamband okkar hvetur til þess sama. Landsambandsstjórn hvetur einnig til að konur séu duglegar að afla sér þekkingar og miðla þekkingu. Konur eru hvattar til að taka þátt í alþjóðastarfi DKG og að kynna sér styrki samtakanna og umsóknir um þá. Hvatt er til samvinnu milli deilda.

Gjaldkeri Betadeildar, Jóhanna S. Þorsteinsdóttir greindi frá uppgjöri reikninga og lagði bókhaldið fram, endurskoðað af Helgu Thorlacius. Tap var á tímabilinu vegna afmælisárs.

María dreifði leiðréttu félagatali Betadeildar.

Eygló Björnsdóttir fjallaði um vef samtakanna. Samkvæmt samþykkt Landsambands DKG má ekki birta félagatal samtakanna á opinni vefsíðu. Ekki má heldur birta myndir af félagskonum eða heimilis- og netföng þeirra nema samþykki þeirra komi til. Nú stendur til að hver deild birti sitt félagatal á lokuðu vefsvæði sem læst yrði með lykilorði. Eygló lagði fram skjal þar sem konur voru beðnar að samþykkja birtingu félagatals, mynda og heimilis- og netfanga með þessum skilyrðum.

María beindi því næst orðum sínum að gestunum tveimur. Hún afhenti þeim upplýsingabækling samtakanna og Betakonur kynntu sig.

Skipa þarf konur í uppstillinganefnd. María lagði til að Helga Thorlacius og Magna Guðmundsdóttir yrðu beðnar að taka þar sæti. Var það samþykkt.

María tilkynnti að næsti fundur yrði í VMA. Hún lýsti eftir hugmyndum um fyrirlesara um framandi jólasíði. Enn vantar húsnæði fyrir bókafund. Þorgerður hefur boðist til að segja frá þróunarverkefni í grunnskóla á vorönninni og Anna Árnadóttir, leikskólastjóri á Krógabóli mun fjalla um þróunarverkefni í leikskóla.

María auglýsti afmælisrit DKG og velti fyrir sér hvar hægt væri að koma bókinni frekar á framfæri. Bókin er til sölu á kr. 3500. Einnig eru til ofin bókamerki á kr. 1000.

María tilkynnti að þær afmælisgjafir til félagskvenna sem enn hefur ekki tekist að afhenda á fundum verði nú sendar heim til kvennanna.

5. Kynning á þróunarverkefni í framhaldsskóla. Margrét Kristín Jónsdóttir Betasystir fjallaði um ferðamálakjörsvið á málabraut í MA. Upphaf ferðamálakjörsviðsins má rekja til þess að nemendum á málabraut hafði fækkað mjög. Var þá gripið til þess ráðs að þróa nýja kjörsviðsgrein þar sem nokkrar námsgreinar standa saman að þremur áföngum sem fjalla um ferða- og kynningarmál. Markmiðið er að námið sé hagnýtt og fjölbreytt, áfangar nemendamiðaðir og greinar samþættar. Margrét sagði frá skipulagi áfanganna og hvaða nýjungar þeir hafa í för með sér fyrir nemendur og kennara, eins og t.d. samfelldan vinnudag í stað aðskilda kennslustunda og ferðalög innanlands sem utan. Þróunarverkefni þetta fékk nú í haust Evrópumerkið, heiðursviðurkenningu fyrir nýbreytni í tungumálakennslu, sem veitt er á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og Menntamálaráðuneytisins.
6. Happadrætti og kaffi. Veitingar voru í boði Sigrúnar A., Halldóru og Lilju. Happadrættisvinning kvöldsins hlaut Guðrún Björnsdóttir.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Selma Hauksdóttir